



## Ólafur og Halldóra Vanda þjálfarar ársins 2003

Á aðalfundi KÞÍ 27. september s.l. voru Ólafur Jóhannesson þjálfari FH og Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir þjálfari KR, útnefnd þjálfarar ársins í efstu deild karla og kvenna fyrir árið 2003. Bæði náðu þau góðum árangri með lið sín í sumar og því vel að útnefningunni komin.



Ólafur hóf þjálfaraferilinn fyrir tuttugu og tveimur árum er hann þjálfaði mfl. og 3. flokk karla hjá Einherja á Vopnafirði, en síðan þá hefur Ólafur eingöngu þjálfað meistaraflokk karla. Ólafur hefur einnig þjálfað tvisvar hjá Skallagrím í Borgarnesi, Þrótt Reykjavík, Hauka og Selfoss en mest hefur Ólafur þjálfað hjá FH, en þrisvar hefur Ólafur verið ráðinn til starfa þar á bæ, nú síðast haustið 2002. Það gekk hvorki né rak í æfingaleikjum vetrarins og í vor var því ekki óeðlilegt að menn spáðu þeim slöku gengi á Íslandsmótinu. Þeir blésu á allar hrakspár og FH var svo sannarlega spútniklið sumarsins og endaði FH í 2. sæti Íslandsmótsins og tapaði síðan úrslitaleik bikarkeppinnar fyrir ÍA. Ólafur er vel menntaður þjálfari, hefur lokið E – stigi KSÍ, þ.e. efsta stigi í knattspyrnuþjálfun á Íslandi. Þetta er í annað sinn sem Ólafur er kjörin þjálfari ársins, en fyrst hlaut Ólafur þessa viðurkenningu árið 1996.

Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir hefur lengi þjálfað, bæði hjá ÍA og Breiðabliki, þaðan lá leið hennar til KSÍ, en hún þjálfaði kvennalandsliðið og 20 ára landslið kvenna í tvö ár. Þá tók hún við KR og gerði þær að Íslands- og Bikarmeisturum í fyrsta sinn í sögu KR árið 2000. Þá hafði lið sem hún þjálfaði ekki tapað leik í deildarkeppni og var það og er einstakur árangur. Árið 2001 tók Halldóra Vanda við 3. deildarlið Neista á Hofsósi og var þar með fyrsta konan til að þjálfar meistaraflokk karla á Íslandi. Aftur snéri Halldóra Vanda til KR árið 2002 og gerði hún KR þá aftur að Íslands- og bikarmeisturum, og í sumar fögnuðu KR stúlkur Íslandsmeistaratitlinum. Halldóra Vanda er vel menntaður þjálfari, útskrifaðist af E stigi KSÍ í september 2000. Þetta er í fjórða sinn sem Halldóra Vanda er kosin þjálfari ársins í efstu deild kvenna, en áður hefur Halldóra Vanda verið kosin þjálfari ársins, 1996, 1997 og 1999.

## Fréttir . . .



### VIÐURKENNING FYRIR VEL UNNIN STÖRF VIÐ ÞJÁLFUN YNGRI FLOKKA

Lárus Rúnar Grétarsson, Sigurlín Jónsdóttir og Úlfar Hinriksson fengu á aðalfundi KÞÍ viðurkenningu fyrir vel unnin störf við þjálfun yngri flokka. Öll hafa þau lagt mikinn metnað í þjálfunina og verið knattspyrnuþjálfarastéttinni til sóma við störf sín. Á myndinni eru Lárus og Sigurlín, en Úlfar var því miður ekki viðstaddur.

### ÓLAFUR OG VANDA ÞJÁLFAVARAR ÁRSINS HJÁ ÍÞRÓTTAFRÉTTAMÖNNUM

Á lokahófi knattspyrnumanna á Broadway voru þau Ólafur Jóhannesson og Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir kjörin þjálfarar ársins í Landsbankadeildunum í sumar af Íþróttafréttamönnum. Ólafur og Halldóra Vanda voru einnig kjörin þjálfarar ársins 2003 hjá Knattspyrnuþjálfarafélagi Íslands.

### HÚFAN OG MERKIÐ FARIÐ Í PÓST

Húfurnar og merkið sem fylgdi félagsgjaldinu að þessu sinni fóru í póst til félagsmanna fyrir stuttu. Þeir félagsmenn sem greitt hafa félagsgjaldið og ekki hafa fengið sendingu eru beðnir að tilkynna það með því að senda póst á kthi@isl.is.

### FJÖLMENNUR AÐALFUNDUR

Um 40 þjálfarar sóttu aðalfund KÞÍ eftir að ráðstefnu í tengslum við úrslitaleik VISA bikarsinsl. Fundarmenn voru ánægðir með það sem fram fór en auk venjulegra aðalfundarstarfa var boðið upp á léttar veitingar að fundi loknum og mæltist það sérstaklega vel fyrir meðal fundarmanna.

HEFUR ÞÚ RÉTT Á AÐ FARA Í UEFA B PRÓF

Reglur um þátttökurétt á UEFA B prófinu

- Allir sem hafa lokið KSÍ IV hafa þátttökurétt á UEFA B prófinu.
- Þeir sem luku E-stigi eða seinni hluta D-stigs á síðustu 3 árum hafa líka þátttökurétt á prófinu.
- Þeir þjálfarar sem luku E-stigi eða seinna hluta D-stigs fyrir meira en 3 árum síðan þurfa að sækja um þátttökurétt til fræðslunefndar KSÍ og þar skal koma fram endurmenntun og þjálfun þeirra síðastliðin 3 ár (þetta má gera á tölvupósti: siggi@ksi.is).
- Þeir sem hafa lokið fyrri hluta D-stigs þurfa að sitja KSÍ IV (7-9.nóvember) til að mega taka prófið.

FRANS HOEK MEÐ NÁMSKEIÐ

KSÍ stendur fyrir komu markmannsþjálfarans Frans Hoek, en hann mun halda hér námskeið 24. - 26. október næstkomandi í Fífunni í Kópavogi. Frans Hoek hefur undanfarin 6 ár verið markmannsþjálfari Barcelona og hefur einnig starfað sem markmannsþjálfari Ajax og hollenska landsliðsins. Þá hefur hann einnig verið fyrirlesari á vegum FIFA og UEFA til fjölda ára. Það er því ljóst að hér er toppþjálfari á ferð og KSÍ vonast eftir því að sem flestir sjái sér fært að mæta á námskeiðið. Frans Hoek hélt námskeið á Íslandi árið 1996 og þá mættu um 60 þjálfarar og almennt ríkti mikil ánægja með það námskeið. Þjálfun markvarðarins er líka eitthvað sem flestir þjálfarar geta bætt sig í. KSÍ vonast eftir fjölmennu og áhugaverðu námskeiði.

Verð er aðeins 5.000 krónur. Fyrirlestrarnir fara fram á ensku.

Skráning er hafin hjá Sigurði Ragnari Eyjólfssyni fræðslustjóra KSÍ í síma 510-2909 og á tölvupósti siggi@ksi.is

## Pistill frá fræðslustjóra KSÍ

Ágætu knattspyrnuþjálfarar,

Nú er knattspyrnusumrinu lokið og í hönd fer annatími í námskeiðahaldi hjá KSÍ. Síðustu misseri hefur orðið mikil aukning í aðsókn á þjálfaranámskeið KSÍ og það mun vonandi skila sér í hæfari þjálfurum og betri knattspyrnu. Á fræðsluvef KSÍ er nú búið að koma fyrir öllum helstu upplýsingum um þau þjálfaranámskeið sem framundan eru. Þar má t.d. sjá dagsetningar allra námskeiðanna og þau námskeið sem við bjóðum upp á úti á landi í fyrsta skipti. Fræðsluvefur KSÍ er aðgengilegur efst á heimasíðu KSÍ (www.ksi.is).



Það eru spennandi tímar framundan í þjálfaramenntun. Þjálfarar á Íslandi fá nú loksins tækifæri til að öðlast þjálfaragráðu sem er viðurkennd af UEFA og í 35 af 52 knattspyrnusamböndum í Evrópu. Um er að ræða svokallaða UEFA B þjálfaragráðu. Það er ljóst í mínum huga að allir metnaðarfullir þjálfarar ættu að sækjast eftir að fá þessa þjálfaragráðu. Ég bið þjálfara að athuga strax hvort þeir hafa þátttökurétt eða þurfi að skrá sig á KSÍ IV þann 7-9.nóvember næstkomandi því það eru komnar nýjar reglur hvað varðar þátttökurétt í prófinu.

UEFA B prófið átti að vera 22.nóvember en hefur nú verið frestað til janúar 2004 til að gefa þjálfurum og KSÍ betri tíma til að undirbúa sig. Skráning í prófið hefst þó 15. nóvember. Þá hefur verið ákveðið að halda undirbúningsfund eina kvöldstund fyrir þjálfara sem vilja undirbúa sig sem best fyrir prófið. Áhugasamir þjálfarar geta skráð sig á þennan undirbúningsfund hjá mér í síma 510-2909.

Í fyrsta skipti í nokkur ár mun KSÍ nú bjóða upp á svokölluð KSÍ V og VI námskeið. KSÍ V er sett á í mars/apríl 2004 og KSÍ VI í október 2004. Það námskeið verður spennandi vikunámskeið haldið í Englandi. Athugið að til þess að komast á þessi námskeið þurfa þjálfarar að hafa lokið UEFA B prófinu með einkuninni 70/100 og sækja um leyfi til fræðslunefndar KSÍ.

KSÍ hefur ákveðið að bjóða þjálfurum upp á markmannsþjálfunarnámskeið með hinum heimsþekktu markmannsþjálfara Frans Hoek þann 24 - 26. október næstkomandi. Frans Hoek er mjög skemmtilegur fyrirlesari og hefur starfað í mörg ár við markmannsþjálfun hjá Ajax, hollenska landsliðinu og nú síðustu ár hjá Barcelona. Markmannsþjálfun er nokkuð sem margir þjálfarar vilja kynna sér betur og því er þetta einstakt tækifæri. Þátttökugjald er aðeins 5.000 krónur og fyrirlestrarnir fara fram á ensku. Þegar þetta er skrifað hafa 82 þjálfarar skráð sig á námskeiðið og því er það að fyllast. Ég hvet því þjálfara til að skrá sig fljótt.

KSÍ lætur ekki staðar numið við UEFA B þjálfaragráðuna því nú þegar höfum við hafið undirbúning að umsókn um UEFA A þjálfaragráðuna sem er sú næsta í röðinni. Þessi undirbúningur er kominn ágætlega af stað og ætlunin er að skila inn umsókn okkar til UEFA á næsta ári. Aðsta þjálfaragráða UEFA er svo UEFA Pro og þá gráðu þurfa þjálfarar í efstu deild karla á Íslandi að hafa árið 2010 samkvæmt leyfiskerfinu. KSÍ mun líklega gera samkomulag við erlend knattspyrnusambönd um að þjálfarar á Íslandi hafi tækifæri til að sækja sér þessa gráðu hjá þeim.

Á fræðsluvef KSÍ er hægt að skrá sig á Póstlista KSÍ, en um 130 manns hafa skráð sig á listann nú þegar. Í gegnum póstlistann eru sendar tilkynningar og fréttir af starfi KSÍ, upplýsingar um þjálfaranámskeið og fleira sem tengist knattspyrnu og knattspyrnuþjálfun. Ég hvet þjálfara eindregið til að skrá sig á póstlistann okkar og fá þannig fréttir frá okkur í gegnum tölvupóst. Þjónustan er ókeypis.

Ég vona að knattspyrnusumarið hafi verið skemmtilegt og lærdómsríkt fyrir ykkur og hvetji ykkur til dáða og frekari afreka í þjálfuninni. Sjáumst á þjálfaranámskeiðunum í haust!

Knattspyrnukefja

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fræðslustjóri KSÍ

## Gagnlegar upplýsingar um þjálfaranámskeið KSÍ

- Öll þjálfaranámskeiðin eru helgarnámskeið nema KSÍ VI sem er vikunámskeið haldið erlendis.
- Ekki er krafist neinnar þekkingar á knattspyrnu eða menntunar/reynslu á KSÍ I (A-stigi), allir eru velkomnir þangað. Til að geta farið á KSÍ II þarf þjálfarinn að hafa lokið KSÍ I og svo koll af kolli.
- Þjálfaranámskeiðin eru bókleg og verkleg og því þurfa námskeiðspáttakendur að hafa með sér knattspyrnuútbúnað til að geta tekið þátt.
- Verð á hverju námskeiði hefur verið 12.000-14.000 krónur og hefur haldist þannig í mörg ár. Innifalið í gjaldinu eru vegleg kennslugögn sem nýtast þjálfaranum í starfi.
- Árið 2002 sóttu 147 þjálfarar sér menntun á þjálfaranámskeiðum KSÍ. Þátttakan var svo mikil að fjölga þurfti námskeiðum, það er vel því námskeiðin stuðla að betri þjálfun sem þýðir betri knattspyrna.
- Vert er að benda þjálfurum á að félögin hafa verið dugleg að taka þátt í kostnaði við námskeiðin og algengt er að þau hreinlega borgi námskeiðin fyrir þjálfarana sína.
- Skráning hefst 3-4 vikum fyrir hvert námskeið og farið er fram á greiðslu námskeiðsins á sama tíma því stundum yfirfyllist á námskeiðin. Skráning er á skrifstofu KSÍ (Margrét og Ragnheiður) í síma 510-2900.
- Mætingaskylda er 100% en séu einhverjar fjarvistir óhjákvæmilegar er best að ræða þær fyrir námskeiðið við Sigurð Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóra KSÍ í síma 510-2909.
- Ef að skuldfæra á námskeiðsgjaldið á félagið þarf framkvæmdastjóri félagsins að hafa samband við skrifstofu KSÍ.
- Eftir KSÍ IV býðst þjálfurum að taka svokallað UEFA B próf en það er skriflegt próf úr námsefni fyrstu fjögurra námskeiðanna og veitir alþjóðleg þjálfararéttindi (UEFA B coaching license).
- Frekari upplýsingar um þjálfaranámskeið KSÍ veitir Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri KSÍ í síma 510-2909 og á tölvupósti siggi@ksi.is

# Skýrsla stjórnar KÞÍ starfsárið 2002 – 2003

Ágætu knattspyrnuþjálfarar !

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var í lok nóvember í fyrra var ákveðið að næsti aðalfundur félagsins yrði haldinn á ráðstefnu KÞÍ í tengslum við bikarúrslitaleik meistaraflokks karla. Það er nú orðið að veruleika og er það í fyrsta skipti sem það er gert. Þessi nýbreytni hjá okkur á vonandi eftir að takast vel og er þetta meðal annars gert til þess að þjálfarar á landsbyggðinni eigi auðveldara með að komast á aðalfundinn í kjölfarið á bikarúrslitaráðstefnunni. Yfirleitt hafa aðalfundirnir verið haldnir í lok nóvember þegar margir þjálfarar eru mjög uppteknir við nám eða kennslu. Þetta hefur einnig verið gert með þessu sniði í Noregi með góðum árangri. Stjórn KÞÍ var endurkjörin í fyrra og urðu því engar mannabreytingar milli ára. Sigurður Þórir Þorsteinsson hélt áfram sem formaður, Njáll Eiðsson sem varaformaður, Jóhann Gunnarsson sem ritari, Ómar Jóhannsson sem gjaldkeri og Magnús Pálsson sem spjaldskrárritari. Í varstjórn voru áfram Elísabet Gunnarsdóttir og Jörundur Áki Sveinsson.

Þessi stjórn hefur því starfað í tvö ár. Á starfsárinu voru haldnir 8 fundir, auk funda þar sem hluti stjórnar hittist til að undirbúa ýmis sérverkefni. Við höfðum sama markmið og áður með lengd stjórnarfundna, þ.e. að þeir væru ekki lengur en 90 mínútur.

Helstu viðburðir félagsins á árinu voru : Ráðstefnan í dag í tengslum við úrslitaleik VISA bikarkeppni karla. Dagskráin var þannig að undirritaður setti ráðstefnuna. Að því loknu kom Logi Ólafsson, landsliðsþjálfari og ræddi málefni A landsliðs karla. Eftir kaffihlé kom Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fræðslustjóri KSÍ og ræddi um menntunarkerfi KSÍ. Þá var komið að því að kryfja bikarúrslitaleikinn til mergjar og fengum við Bjarna Jóhannsson, eins og undanfarin ár til að spá í bikarúrslitaleikinn og fara yfir tölfræði liðanna. Rétt fyrir matinn komu þjálfarar liðanna sem leika til úrslita, nafnarnir Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH og Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA og sögðu okkur hvernig undirbúningur þeirra var fyrir leikinn og hvernig þeir lögðu leikinn upp. Strax að leik loknum voru pallborðsumræður um leikinn, þar sem Bjarni Jóhannsson, Logi Ólafsson og Willum Þór Þórsson fjölluðu um leikinn.

Matarfundur var haldinn á Naustinu í vor. Um 30 þjálfarar sóttu þann matarfund þar sem Bjarni Jóhannsson var veislustjóri og Logi Ólafsson flutti erindi um muninn á þjálfun íslenskra og norskra knattspyrnumanna. Auk þessara viðburða gáfum við út fréttabréf.

Fjárhagur félagsins stendur ágætlega. Það er nú svo komið að 203 félagsmenn hafa greitt félagsgjaldið í ár. Fengu þeir sem greiddu fyrir 10. september senda derhúfu með merki félagsins, ásamt barmmerki félagsins.



Samstarfið við Knattspyrnusamband Íslands er orðið mun meira en áður var og nú hafa þeir tekið að sér að greiða árgjaldið til evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins sem nú er 1200 evrur eða rúmlega 100.000 krónur. Um leið og við þökkum þeim veittan stuðning væntum við enn meira og betra samstarfs á næstu árum. Styrktaraðilar KÞÍ eru : Íslandsbanki hf, VISA, Lyrá og MEBA. Við þökkum þessum aðilum kærlega fyrir stuðninginn við félagið og vonumst til að eiga gott samstarf við þá áfram.

Skýrsla frá ráðstefnu evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins sem haldin var í París í Frakklandi 2. – 6. nóvember s.l. er komin á heimasíðu KÞÍ. Hvetjum við alla til að skoða hana vel en efni ráðstefnunnar var straumar og stefnur frá HM í S-Kóreu og Japan.

Knattspyrnusamband Íslands opnaði sérstakan fræðsluvef 7. mars síðastliðinn á heimasíðu KSÍ, WWW.ksi.is, en þar er að finna ýmsan gagnlegan fróðleik fyrir þjálfara, dómara, leikmenn og alla áhugamenn um knattspyrnu og menn geta skoðað þar bókasafn og myndbandasafn KSÍ. Þar er mikið æfingasafn fyrir knattspyrnuþjálfara, þar sem menn geta skipst á æfingum við aðra þjálfara svo og kennslugögn frá þjálfaranámskeiðum KSÍ. Þjálfurum og íþróttakennurum er frjálst að nota kennslugögnin af þjálfaranámskeiðunum í kennslu og þjálfun hjá sér.



Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum að það er komið í gang leyfiskerfi í efstu deild karla og hluti af kröfum þess varðar menntun þjálfara. Í efstu deild karla verður gerð krafa um eftirfarandi menntun hjá þjálfurum viðkomandi flokka. Þjálfarar í meistaraflokki þurfa að hafa lokið æðstu þjálfaragráðu KSÍ sem er nú E-stig og mun væntanlega í framtíðinni verða UEFA A gráða og svo UEFA Pro gráða fyrir árið 2010. Þjálfarar í 2., 3., og 4. flokki þurfa að hafa lokið UEFA B prófi (KSÍ IV, fyrri hluti D-stigs) sem verður haldið í janúar næstkomandi og er það skriflegt próf. Þjálfarar í yngri aldurshópum þurfa að hafa lokið KSÍ II (B-stig KSÍ)

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands hvetur þjálfara til þess að hafa samninga sína skothelda, það er að segja að þeir gangi tryggilega frá þeim þegar samið er og bíði ekki með að gera það þangað til seinna. Menntun vita aldrei hvað gerist hvað gengi liðs síns varðar og því er betra að hafa allan varann á. Ef menn verða fyrir því að vera sagt upp störfum ætlumst við til þess að menn leiti réttar sin og eins og margöft hefur komið fram erum við með lögfræðing á okkar snærum sem ég bendi mönnum á þegar ég hringi í þá. Einnig hvetjum við þjálfara sem eru að taka við störfum að ganga úr skugga um það að búið sé að gera upp við þann þjálfara sem var á undan.

Í hádeginu voru þjálfarar í efstu deild karla og kvenna útnefndir. Í fyrra var Willum Þór Þórsson valinn þjálfari ársins í efstu deild karla og Valdimar Pálsson í efstu deild kvenna. Á eftir aðalfundinum verður þremur þjálfurum veitt viðurkenning fyrir vel unnin störf við þjálfun yngri flokka. Í fyrra hlutu Gunnar Magnús Jónsson, Hlynur Svan Eiríksson, Sigurlás Þorleifsson og Þrándur Sigurðsson þessa viðurkenningu.

Í dag fá einnig þrjú knattspyrnuþjálfarar afhenda heiðursviðurkenningu KÞÍ og er það í fyrsta skipti í langan tíma sem það er gert.

Tveir stjórnarmenn hafa ákveðið að hætta í stjórninni. Það eru þeir Jóhann Gunnarsson, ritari sem var áður í varstjórn og hefur verið samtals fjögur ár í stjórn og Magnús Pálsson, spjaldskrárritari lætur nú einnig af störfum eftir fimm ár í stjórn KÞÍ. Við þökkum þeim kærlega fyrir þeirra framlag við stjórnarstörf og vonumst að sjálfsögðu til að þeir vinni áfram fyrir félagið.

Stjórn Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands þakkar ykkur öllum fyrir samstarfið og þann mikla velvilja sem félagið hefur og hvetur ykkur áfram í starfi.

Sigurður Þórir Þorsteinsson, formaður.

## Fréttir . . .

### MAGNÚS OG JÓHANN AÐ HÆTTA

Félagarnir Magnús og Jóhann, þó ekki duettinn vinsæli úr Keflavík, heldur stjórnarmenn í KÞÍ gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi starfa í stjórn KÞÍ á aðalfundi KÞÍ, en Magnús hefur verið í stjórn KÞÍ undanfarin fimm ár, en Jóhann fjögur ár. Stjórn KÞÍ þakkar þeim vel unnin störf. Í þeirra stað koma Úlfar Hinriksson og Þórir Bergsson inn í stjórnina og eru þeir boðnir velkomnir.

### SKOÐUNARMENN TIL EINS ÁRS

Félagarnir Halldór Örn Þorsteinsson og Birkir Sveinsson voru kjörnir skoðunarmenn reikninga til eins árs.

### ÓBREYTT ÁRGJALD

Á aðalfundi KÞÍ lagði stjórn KÞÍ til að árgjald félagsins yrði óbreytt næsta ár. Stefnt er að því að hafa eitthvað innifalið í árgjaldinu, en hvað það verður kemur í ljós næsta sumar.



GUÐNI KJARTANSSON

Byrjði að þjálfra 1974, hefur mikið þjálfað hjá KSÍ, m.a. A landslið karla, en er núna þjálfari U-19 karla hjá KSÍ. Hefur lokið öllum stigum KSÍ í knattspyrnuþjálfun og sótt fjölmörg námskeið á vegum UEFA og FIFA.



KJARTAN MÁSSON

Byrjaði að þjálfra 1965 í Eyjum, hefur verið mest á Suðurnesjunum í seinni tíð og þjálfað fjölmörg lið þaðan, auk þess að þjálfra í Færeyjum. Hefur lokið öllum stigum KSÍ í knattspyrnuþjálfun. Starfar nú við sérþjálfun hjá Keflavík.



HELGI ÞORVALDSSON

Hefur starfað frá 1969 við þjálfun, mest hjá Þrótti í Reykjavík og Breiðabliki. Hefur lokið D stigi KSÍ í knattspyrnuþjálfun.



## Sæmdir gullmerki KÞÍ

Á aðalfundi KÞÍ í september s.l. voru þeir heiðursmenn, Guðni Kjartansson, Kjartan Másson og Helgi Þorvaldsson sæmdir gullmerki KÞÍ fyrir áratuga löng störf við knattspyrnuþjálfun. Allir hafa þeir starfað lengi við þjálfun og ávallt verið faglegir í vinnubrögðum við þjálfunina.

## Þjálfararáðstefna KÞÍ í tengslum við úrslitaleik VISA bikarsins

Laugardaginn 27. september s.l. stóð KÞÍ í samvinnu við KSÍ fyrir ráðstefnu í tengslum við úrslitaleik VISA bikarsins í ÍSÍ. Ráðstefnan tókst mjög vel í alla staði og voru þeir fjölmörgu þjálfarar sem ráðstefnuna sóttu ánægðir með það sem boðið var upp á. Sigurður Þórir Þorsteinsson formaður KÞÍ setti ráðstefnuna og bauð gesti velkomna á fimmtu ráðstefnu KÞÍ í tengslum við bikarúrslitaleikinn í karlaflokki. Því næst flutti Logi Ólafsson landsliðsþjálfari erindi um málefni A landsliðs karla og kom þar margt forvitnilegt í ljós, en eftir að þeir félagar Logi og Ásgeir tóku við sem landsliðsþjálfarar má segja að nýtt lið hafi komið til keppni og loksins á litla Ísland möguleika á að komast í úrslit á stórmóti. Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri KSÍ fór yfir fræðslumál KSÍ og þá sérstaklega væntanlegt UEFA B próf í knattspyrnuþjálfun sem verður í janúar n.k. og má lesa um annarstaðar í blaðinu, einnig fór Sigurður yfir leyfiskerfi KSÍ, sérstaklega þann þátt er snýr að knattspyrnuþjálfurum og kom margt forvitnilegt þar í ljós og ættu þjálfarar að vera betur varðir með samninga sína gagnvart félagunum í framtíðinni, þegar leyfiskerfið verður að fullu komið í gagnið. Bjarni Jóhannsson þjálfari Grindavíkur fór yfir tölfræði liðanna sem leku til úrslita og kom þar margt athyglisvert í ljós. Því næst mættu þjálfarar liðanna, þeir Ólafur Jóhannesson þjálfari FH og Ólafur Þórðarson þjálfari ÍA og fóru yfir undirbúning liða sinna fyrir leikinn, liðsuppstillingu, leikkerfi og var virkilega gaman að heyra í þeim félögum og eiga þeir hrós skilið fyrir hversu opnir þeir voru á fundinum. Þá var komið hádegishlé og fór allur hópurinn á Grand hótél og borðaði þar góðan mat. Eftir matinn var skundað á leikinn og sértaklega fylgst með leikskipulagi liðanna með tilliti til þess er þjálfarar liðanna höfðu sagt fundarmönnum fyrr um daginn. Að loknum leik var aftur haldið á ÍSÍ og voru pallborðsumræður um leikinn og fóru þeir Willum Þór Þórsson þjálfari KR, Bjarni Jóhannsson þjálfari Grindavíkur og Logi Ólafsson landsliðsþjálfari yfir leikinn og kom margt forvitnilegt fram í þeim umræðum og sitt sýndist hverjum um leikinn og leikskipulag liðanna. Þessu næst sleit Sigurður Þórir formaður KÞÍ ráðstefnunni og þakkaði mönnum góða mætingu og við tók aðalfundur KÞÍ. Á heildina litið tókst ráðstefnan með miklum ágætum, en tæplega 50 þjálfarar sóttu ráðstefnuna að þessu sinni og ljóst að hún er komin til að vera, mikil ánægja var meðal ráðstefnugesta og voru flestir mjög ánægðir með það sem boðið var upp á.

